Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 5

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Fátækranefndarfundur 11. marz 1909.

1, Um endurgjald á styrk Jóhannesar Oddssonar Bekka á Seyðisfirði.
2, Ábyrgð tekin á legukostnaði stúlkunnar Helgu Hallbjarnardóttur, sveitlæg í Kolbeinsstaðahreppi.
3, Ábyrgð tekin á legukostnaði Guðlögar Helgadóttur 19 ára, sveitlæg í Kjalarneshreppi.
4, Elín Halldórsdóttir, kona Kristjáns Þorleifssonar á Arbæ í Ölvesi, líklega sveitlæg í Landmannahr.
5, Pálmi Sigurðsson krefst að losna við Didrik Hölter
6, Ábyrgð tekin á legukostnaði Alfreðs Jónssonar Vesturgötu 46.
7, Einar Einarsson, Laugaveg 63 biður um styrk
8, Rósa M. Þórðardóttir biður um styrk
9, Júlíana Þorláksdóttir um styrk.
10, Sesselja Þórðardóttir kærir yfir manni sínum.

## Fundur 25. marz 1909

1, Umsókn Rannveigar Jónsdóttur um styrk úr sjóði Hjálmars Jónssonar
2, Styrkveiting til handa Ásbirni Sigurðssyni og ábyrgð á legukostnaði hans.
3, Beiðni Jóns Jónssonar um að fá barnsmeðlag með Önnu Margrj. sýni Karlsson
4, Erindi Guðmundar Sigurðssonar um Hólmfríði Brandsdóttur.

J. nr. 34 til 40

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19 ára – fædd á Kjalarnesi

Guðlög Helgadóttir Óðinsgötu 7. er sjúk og þarfnast spítalaveru.

Rvk. 11. Marz 1909

Guðm. Hannesson

ábyrgð tekin 11/3 –
J. G.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með vel jeg undirretaður
skýra fátækra nemd Reykjavík-
ur frá. að Hólmfríður Brands
dóttir sem hjá mjer hefir dvalið
nokkuð á annað ár. og sem fáta
kra nemd Reykjavíkur kom fyrir
hjá mjer upp á með gjöf í þeim
tel gangi að jeg reindi að kenna
henni handa vinnu. svo hún að
minsta kosti gæti lært það mikið
að verða matvinnungur. enn því
miður verð jeg að játa það að það
geingur ekki greitt fyrir mjer eða
minu heimili að kenna Hólmfríði

F. Roið
40/1909

að vinna. jeg get ekki talið hana
neitt fullkomnari tel þerra hlóta nú
enn þegar hún kom hjer. hún er bæði
skilnings sljó og [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

virdist framm yfir alla adra er mád
ur hefir þekt. óska jeg þvi eptir ad
fátækranemdin taki hana hjedan
einhvern tima næsta vors jeg vel helst
vera laus vid hana einkanlega þegar
ekkert geingur med ad láta hana læra
vinnu þvi bædi þektr þad leidinlegt
og geingur næst minkun ad ekkert
hefir á orkast. er þvi reinandi ad
kona Hólmfridi fyrir i ödrum stad
i þeirri von ad betur tækist ad hún
lærdi þar vinnu. þad var reint ad
láta hana raka á sljettu i túnenu og
eins ad snúa feleckk og ekkert vard
ad notum. ordleingi jeg þettad ekki
frekar Virdingarfillst

Mödruvöllum 29 Janúar 1909

Gudmundur Sigurdsson

Til fátækranemdarinnar
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Undanfarin nærfelt 4 ár, eða frá 9 júní 1905, hefi jeg eptir ráðstöfun fátækrastjórnarinnar haldið barnið Önnu Margrjeti Sigríði Karlson, sem þegar það kom til mín var 15 vikna gamalt, og var þá heilsulaust og mesti aumingi, en er nú orðið nokkurnvegin frískt og allefnilegt barn.

Sem meðlag með barni þessu hefi jeg fengið af fátækrasjóði að eins 6kr 66a á mánuði rúm tvö fyrstu árin, sem var svo langt of lítil meðgjöf með svo veiku og umhyggjuþurfandi barni eins og það þá var. En svo fjekk jeg meðlagið hækkað uppí 8kr 33a á mánuði, og það hefi jeg fengið borgað af fátækrasjóði fram að þessum tíma. En mjer þyki samt þetta meðlag en oflágt til þess að jeg skaðlaust geti haldið barnið, og leyfi mjer því hjer með virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækrastjórn að hún frá byrjun yfirstandandi mánaðar og framvegis hækki þetta meðlag uppí 10kr á mánuði.

Björnsbæ við Ánanaust í Reykjavík, 23. marz 1909.

Virðingarfyllst.

Jón Jónsson.

F. Rvk. 39/1909

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og sumum hinna heiðruðu fátækrafulltrúa sjálfsagt er kunnugt, hefi jeg, sem er rúmlega sextug að aldri, nú um nokkur síðastliðin ár verið svo biluð að heilsu, að jeg svo að segja ekkert get unnið fyrir lífsframfæri mínu, en hefi að eins framdregið líf mitt á góðvild og gjöfum annara, mjer óviðkomandi fólks, og hefi af fátækrasjóði að eins fengið síðastliðin ár 2kr. 50a. mánaðarlegan húsaleigustyrk. Tvö seinustu árin hefi jeg fengið húsnæði hjá húsfreyju Sigríðu Ólafsdóttur í Grettisgötu 57, og átt að borga það með 3 krónum á mánuði; en hefi eigi getað borgað henni nema styrk þann, sem jeg hefi fengið af fátækrasjóðnum (2kr. 50a.) Með því að mjer eigi auðið að geta lengur framvegis framdregið líf mitt á sama hátt og hingaðtil, neyðist jeg til auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer frá byrjun yfirstandandi mánaðar og framvegis mánaðarlega 3 krónur fyrir húsaleigu, og auk þess 5 krónur á mánuði mjer til lífsframfærslu og viðurværis, svo að jeg þannig fengi samtals alls 8 króna styrk á mánuði af fátækrasjóði.

Grettisgötu 57 í Reykjavík, 10. marz 1909.

Auðmjúklegast

Júlíana Þorláksdóttir.

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

38.
L. Rvk. 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með vil eg virðingarfyllst fara þess á leyt við hina Heyðruðu Fátækranefnd að hún vildi svo vel gjöra og hjálpa mjer og styrkja með barni mína 1 árs gömlu að föðursins Parti, því maðurinn minn Valdimar Rögnvaldsson fór til Englands í Febrúar 1908 skyldi mig alslausa Eftir með Eins mánaðar gamalt barn. En svo þegar eg fjekk fyrsta brjef frá honum um vorið segir hann skilið við mig algjörlega en sendir mjer 20 krónur með barninu ~~hann~~ það meðlag nefnir hann Ekki hvort það ætti að duga að eins fyrir 1 ár eða alla tíð. svo þegar eg ætlaði að fara að leita mjer atvinnu lagðist eg veyk varð að koma barninu fyrir uppá þúnga meðgjöf svo að þegar haustið kom var eg í vandræðum með mig og barnið þá komst eg í vist 1 Oktober og varð strags að fá lán til að sjá um barnið því Ekki gat eg feingið að hafa það með mjer Nú langar mig til að koma barninu fyrir yfir árið því eg hef von um að fá atvinnu ef heylsan leyfir. Enn treysti mjer Ekki að standa straum af barninu að öllu leyti. og því fer eg þannan bónarveg til Fátækranefndarinnar

F. Rvk. 37/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því eg treysti manninum ekki betur en svo þó
eg hafi lauslega frjett að hann þikist ætla
að hugsa um það:

Ef mjer mætti nú veitast þessi beiðni mín
vildi eg óska að eg feingi skriflegt skírteini
sem eg gæti sínt þeim sem kynni að taka
barnið, því Ekki er víst að mjer verði trúað
munnlega En Ef að nú skyldi liðlega takast
til að faðirinn sendi nokkuð með barninu
væri mjer eins kært að fá nefndinni það eins
og þeim sem barnið væri hjá

Virðingar fyllst

Hverfisgötu 20 B 10 Marts 1909

Rósa M: Þórðardóttir

mjer gleymdist að geta þess að ef þessi hjálp
feyngist að það mætti Reiknast frá 1 Marts
yfirstandandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 2 undanfarin ár hefi jeg orðið fyrir svo miklum kostnaði af veikindum konu minnar og eins barns okkar, að jeg nú er kominn í fjárhagsleg vandræði með að láta heimili mitt hafa nægilegt viðurværi til næsta vors, meðan jeg um vetrarvertíðina verð á þilskipi á sjó, og neyðist því hjer auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer að láni 75 krónur í peningum, sem jeg óska að konu minni verði afhentar svo fljótt, sem auðið er, til þess að hún fyrir þessa peninga geti keypt sjer og 3 börnum okkar nauðsynlega lífsbjörg meðan jeg er fjarverandi á sjó.

Þessar 75 krónur vil jeg skuldbinda mig til að endurborga fátækrasjóðnum á næstkomandi 3 árum, með 25 krónum á ári, svo framarlega sem mjer er það mögulegt; og ef veikindin á heimili mínu hætta, og hagir mínir yrðu betri, vildi jeg gjarnan borga skuld þessa fyr, og svo fljótt sem mjer væri það hægt.

Um veikindi konu minnar og barns okkar og um kostnað þann, sem af því hefir leitt fyrir mig, er fátækrafulltrúa Samúel söðlasmið Ólafssyni vel kunnugt, svo að hann getur skýrt hinni háttvirtu fátækrastjórn frá því, og sýnt henni fram á að það er ekki að nauðsynjalausu að jeg

F. Rek. 36
1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bið um hið framangreinda 75 króna lán af fátækrasjóði.
Laugavegi 63 í Reykjavík, 28. febrúar 1909.
Með auðmýkt og virðingu.
Einar Einarsson.

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með Leyfi ~~og~~ mjer virðingarfyllst að tilkynna hinni Heydruðu Fátækra-nefnd að eg vil vera algjörlega laus við að undirhalda ómagann Diðriku Hultir leingur en til 14 Mai næstkomandi. Enn sökum þess að eg fer til sjóar von bráðar i þessum mánuði vil eg itima láta nefndina vita um þettað svo hún geti við hentugleika útvegað henni verustað svo eg geti verið laus við að halda hana hjá mjer á þeim tiltekna degi

Virðingarfyllst

Grettisgötu 40 . 1 Marts 1909

Palmi Sigurðsson

F Rvk $\frac{35}{1909}$

Til

Fatækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Er, á nú kjem eg með kveinstafi mína fram
fyrir hina Heyðruðu Fátækranefnd viðvíkjandi
sambúðinni við manninn minn Björn Hannesson
Eins og leingi hefur verið linnir hann aldrei á
að drekka. þó opt sje búið um að tala. Er það nú
komið svo vídt að synir okkar 16 og 17 ára gamlir sem
vinna Eftir megni og óhætt að segja að heymilið stend-
ur á þeim hóta að fara burt frá mjer beinlínist fyrir
óróa og illindi af honum, þegar þeir koma heym úr
vinnunni þreittir og vilja fara að hvíla sig hafa
þeir angvan frið meyri part nætur fyrir svívyrðileg=
um orðum hans og vanþakklæti. Ef nefnt er við hann að
vinna fáist segist hann Ekki vera skyldur að skaffa
heymilinu, honum bauðst vinna suður í Garði til
loka uppá 90 til 100 krónur en hann þáði það Ekki. líka
gat hann feingið skiprúm á mótorbát en sagði nei
útaf þessu öllu Er eg hjer umbil viss um að dreing-
irnir fara Ef hann verður, Og þess vegna er eg
neydd til að biðja nefndina að skera úr hvernig Endir
skuli á því verða, fari dreingirnir verð eg að
flækja börnunum frá mjer sem mjer er sár mótfallið
og afhenda þang Fátækranefndinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

J. Rick 3/4 1909

þann gamla ófögnuð og jafnvel fá hvergi húsnæði
ef hann er með mjer

Líka vil eg að jeði talað við hann og minst á
að hann jeði að stunda heymilið og vinnaskyni
hann að seigja að hann geti það ekki set eg upp
að hann sje látin fá Læknisvottorð. Lafi hann
að vinna í þeim tilgángi að leggja það til heymilisins
Er því ekki trúandi. fari dreingirnir og börnin 3
verða að flækjast burt, get eg börið mig að fá mjer
atvinnu fyrir mig Eina Urskurð óska eg að fá
sem fyrst hver Endaligt getur orðið á þessu
frá nefndarinnar hendi

Virðingarfyllst

Laugaveg 56 10 Marts 1909
Sesselja Þórðardóttir

Til
Fátækranefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ábyrgð tekin fyrir legukostnaði Helgu Hallbjörnsdóttur, Lindargötu 10, sveitlæg í Kolbeinsstaðahreppi.

Húsbóndi Jóhannes Kristjánsson, Lindargötu 10.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ábyrgð tekin á legukostnaði Ásbjarnar ~~Sigurðssonar~~ Sveinssonar og konu hans með 5 börnum veittur 30 kr. styrkur.

---

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vantar aðþjónargjörð hjá
Steinunni Ísaksdóttur

---

Vantar undirskr. undir að-
þjónargj. hjá Guðr. Sigurðsdóttur
Bergstaðastr. 24.

---

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Helga
Það óttast hjermeð að Hallbjörnsdóttir,
til heimilis í Lindargötu 10, þurfi að leggjast
á spítala, þareð hún getur ekki fengið nægi-
lega aðhjúkrun í heimilinu.

Reykjavík 10. marz 1909

G. Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Alfred Jónsson, 14 ára Vesturg. 46. þarf sem allrafyrst að leggjast á Spítala. (hefur Peritonitis tuberculosa).

Reykjavík 4/3 07

Sig. Magnússon
læknir

Ábyrgð tekin 5/3.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt skipun formanns fátækra-
nefndar Reykjavíkur höfum við undir-
ritaðir fátækrafulltrúar gjört aðsjón hjá
Ámundínusi Jónssyni Barónstíg 22 sem beiðst hefur
styrks úr fátækrasjóði. Heimilisástæður
hans eru þessar: Þau hjón eiga 2. börn korn-
ung og er heimilið bjargarlaust að öllu leiti

2

Er það samhuga álit okkar, að
nauðsyn sje til að sinna styrkbeiðni
hans hið fyrsta.

Reykjavík

10 Mars 1909

Samúel Ólafsson
Árni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur